

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag fyrir lóðirnar að Asparlundi 7 og 8, Ísafirði.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. júní 2006 var samþykkt deiliskipulag fyrir lóðirnar að Asparlundi 7 og 8, Ísafirði.

Breytingin felur í sér að lóðirnar stækka á móti opnu svæði. Byggingarreitir stækka einnig en minnsta fjarlægð frá lóðarmörkum helst óbreytt.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag frá 29. janúar 1998.

*Ísafirði, 4. júlí 2006.*

**Jóhann B. Helgason**, sviðsstjóri umhverfissviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. júlí 2006